

Re: Beiðni um umsögn vegna skipulagslýsingar í Grundarfirði

Búið til	20.12.2022 13:27:19
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	20.12.2022 13:27:18
Tilheyrir	202211-0041 - Skipulagslýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Grundarfjarðar og tveggja deiliskipulagstillagna á Framnesi

Efni

Re: Beiðni um umsögn vegna skipulagslýsingar í Grundarfirði

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	20.12.2022 13:27:18	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	thuri@grundarfjordur.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202211-0041 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar, dags. 25. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við skipulagslýsingu fyrir Framnes (nýtt deiliskipulag) og Framnes, austan Nesvegjar (deiliskipulagsbreyting) ásamt samhlíða breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019-2039.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og þar sem skipulagsbreytingarnar varða nær eingöngu svæði í byggð þá gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við lýsingu, nema einungis það að í umhverfismatsskýrslu mætti ávarpa hver áhrif á lífríki gætu orðið, einkum á strandsvæðum, vegna landfyllingar og breytinga á hafnarstarfsemi.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Þuríður Gía Jóhannesdóttir" <thuri@grundarfjordur.is>
To: "Þuríður Gía Jóhannesdóttir" <thuri@grundarfjordur.is>
CC: "Skipulag" <skipulag@grundarfjordur.is>
Subject: Beiðni um umsögn vegna skipulagslýsingar í Grundarfirði
Date: 25.11.2022 11:55:48

Góðan daginn,

Grundarfjarðarbær óskar eftir umsögn stofnunarinnar vegna skipulagslýsingar fyrir Framnes (nýtt deiliskipulag) og Framnes, austan Nesvegjar (deiliskipulagsbreyting) ásamt samhlíða breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019-2039, sem nú er í kynningu. Frestur til að senda umsögn er til og með 21. desember 2022.

Vinsamlega staðfestið móttöku þessa tölvupósts.

Skipulagslýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Grundarfjarðar og tveggja deiliskipulagstillagna á Framnesi

Bæjarstjórn Grundarfjarðar samþykkti á fundi á sínum 24. nóvember sl. skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 í tengslum við tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Framnes og breytingu á deiliskipulagi fyrir Framnes austan Nesvegjar (hafnarsvæði).

Lýsingin er sett fram í samræmi við 1. mgr. 30. gr., 1. og 3. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með vísan í 1. mgr. 36. gr. laganna.

Skipulagslýsingin er til sýnis á vef sveitarfélagsins og á bæjarskrifstofunni þar sem íbúar og aðrir hagsmunaaðilar geta kynnt sér efni hennar. Lýsingin er jafnframt send Skipulagsstofnun og öðrum aðilum til umsagnar eins og skipulagslög gera ráð fyrir.

Skipulagslýsingin verður kynnt sérstaklega á **opnu húsi**, sem haldið verður **þriðjudaginn 13. desember kl. 17-18 í Sögumiðstöðinni** í Grundarfirði en auk þess verður lóðarhöfum á Framnesi boðið til sérstakra samráðsfunda á kynningartímanum.

Ábendingar varðandi skipulagslýsinguna skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa **til og með 21. desember 2022** að Borgarbraut 16, 350 Grundarfirði eða á netfangið: skipulag@grundarfjordur.is (<mailto:skipulag@grundarfjordur.is>), merkt „**Skipulagslýsing, Framnes og hafnarsvæði**“.

Grundarfirði 25. nóvember, 2022.

f.h.

Kristínar Þorleifsdóttur
Skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar

Virðingarfyllst,

Þuríður Gía Jóhannesdóttir

Starfsmaður umhverfis- og skipulagssviðs

Netfang: thuri@grundarfjordur.is (<mailto:thuri@grundarfjordur.is>)

Sími: 430-8500

Vefsíða Grundarfjarðarbæjar (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.grundarfjordur.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C2b3120f9eda547c361e508dacedbdd26%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638049741480478777%7C>)

<http://www.grundarfjordur.is>

nknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQljojV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=DY%2BfGQOe3ZLZHgpq%2Fw%2Bs%2B3aRmG4SB5OZsVSBzKJnc38%3D&reserved=0)

Grundarfjarðarbær á Facebook (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.facebook.com%2FGrundarfjardarbaer&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C2b3120f9eda547c361e508dacedbdd26%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638049741480478777%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQljojV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=EexVaBgVLuUy2Cy00OQ6c2eWDQNV6hkPB5PPd%2Btesy0%3D&reserved=0>)

